



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

28.11.2005

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti, 36. mál**

Tillagan felur í sér að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa setningu laga sem kveði á um að fjármálafyrirtækjum verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda.

Í tillögunni er gengið út frá því að íslensk skattyfirvöld standi skattyfirvöldum í flestum öðrum OECD-löndum að baki hvað varðar möguleika á að fá upplýsingar frá bönkum sem tengjast viðskiptum með fjármagn. Virðist viðhorfið styðjast við eitt tiltekið atriði af fjölmörgum sem voru til skoðunar í skýrslu OECD frá árinu 2000 um aðgang skattyfirvalda að upplýsingum banka.

Samtök atvinnulífsins hafa í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 28. febrúar sl. um skýrslu starfshóps um umfang skattsvika bent á að framangreind skoðun er á misskilningi byggð. Í fyrsta lagi er alrangt að Ísland komi almennt illa út úr umræddri samanburðarkönnun OECD. Þvert á móti sýnir skýrslan að um flest atriði er aðgangur íslenskra skattyfirvalda að bankaupplýsingum eins og best gerist innan OECD. Þá liggur fyrir könnun sem Deloitte gerði fyrir Samtök banka- og verðbréfafyrirtækja í febrúar 2004 á upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja í nokkrum ríkjum. Niðurstaðan þar er skýr. Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja í nágrannalöndum í Evrópu varðandi viðskipti með hlutabréf er hvergi jafn víðtæk og hér á landi. Reglur um slíkt í Svíþjóð komast næst því sem er hér á landi, en þar er þó slík skylda takmörkuð við upplýsingar um viðskipti einstaklinga. Hér á landi er hins vegar gert ráð fyrir því í lögum um tekjuskatt og eignarskatt að bankar, sparisjóðir og aðrir sem annast viðskipti með hlutabréf afhendi skattyfirvöldum ótilkvaðir skýrslu um viðskipti með hlutabréf, ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Með hliðsjón af framangreindu telja Samtök atvinnulífsins ekki tilefni til þeirrar lagasetningar sem mælt er með í tillögunni og mæla því ekki með að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri